

Ed.

371. Nefndarálit

[78. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 frá 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og aflað umsagna um það frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga og Landssambandi vörubifreiðastjóra. Enn fremur hafa nefndinni borizt áskoranir frá mörgum stéttarfélögum vörubifreiðastjóra um að samþykkja frumvarpið. Nefndin telur betur fara á því að miða takmörkunarreglurnar að því er vörubifreiðastjóra varðar fyrst og fremst við félagssvæði vörubifreiðastjórafélaganna, sem í sumum tilfellum falla ekki saman við sýslumörk. Nefndin flytur því breytingartillögu við frumvarpið á sérstöku þingskjali, sem gengur í þessa átt. Með þessari breytingartillögu mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 25. marz 1965.

Jón Þorsteinsson,
form., frsm.

Jón Árnason,
fundaskr.

Bjartmar Guðmundsson.

Ásgeir Bjarnason.

Björn Jónsson.
Páll Þorsteinsson.

Magnús Jónsson.